

LÖG DANSK-ÍSLENSKA FÉLAGSINS Á NORÐUR JÓTLANDI (DIFN)

Nafn og heimili

§ 1

Félagið heitir "Dansk-Íslenska Félagið á Norður-Jótlendi" (D:Dansk-Islandsk Forening i Nordjylland), skammstafað DIFN. Heimilisfang og varnarþing þess er í Álaborg.

Markmið félagsins

§ 2

Markmið DIFN er:

- Að mynda sameiginlegan félagsskap fólks á Norður-Jótlendi sem hafa áhuga á íslenskum málefnum.
- Að stuðla að og styrkja samstöðu félagsmanna.
- Að gæta hagsmuna félagsmanna.
- Að vinna að því að skapa og efla vináttubönd Íslands og Danmerkur.

Félagar og félagsgjöld

§ 3

Sérhver sá sem áhuga hefur á málefnum félagsins getur gerst meðlimur þess. Félagsmenn skulu greiða árgjald til félagsins. Félagsgjöld gildir frá 1. september til 1. september næstkomandi árs og skulu allir félagsmenn greiða árgjaldið á því tímabili.

§ 4

Félagismaður sem ekki endurnýjar félagsgjöld sín missir sjálfkrafa félagsréttindi sín. Félagismaður öðlast réttindi sín á ný við að greiða félagsgjöld.

§ 5

Stjórn félagsins gerir tillögu að heiðursfélögum og leggur fram á aðalfundi til samþykktar. Félagsmenn geta sent tillögur að heiðursfélögum til umsagnar stjórnar. Slíkar tillögur verða að berast sbr. §7. Heiðursfélagar greiða ekki árgjald til félagsins.

Aðalfundur

§ 6

Aðalfundur skal haldinn á fyrsta ársfjórðungi. Hann skal auglýstur á heimasíðu félagsins og boðaður félagsmönnum með tölvupósti. Aðalfundur skal auglýstur með minnst tveggja vikna fyrirvara.

§ 7

Tillögur sem taka á til afgreiðslu á aðalfundi skulu berast formanni, skriflega, minnst viku fyrir aðalfund.

§ 8

Aðalfundur er æðsta vald félagsins. Aðalfundur er löglegur ef löglega hefur verið til hans boðað og a.m.k. 15 fullgildir félagsmenn mæta til fundarins. Dagskrá aðalfundar skal vera sem hér segir:

1. Skipun fundarstjóra og fundarritara.
2. Fundarstjóri staðfestir lögmæti aðalfundar.
3. Skýrsla stjórnar.
4. Skýrslur undirfélaga.
5. Gjaldkeri leggur fram endurskoðaða reikninga félagsins til samþykktar.
6. Félagsgjald ákveðið.
7. Tillögur afgreiddar.
8. Kosning til stjórnar.
9. Kosning fastanefndarfulltrúa og tveggja endurskoðanda.
10. Önnur mál.

§ 9

Sé að einhverjum ástæðum ekki hægt að ljúka aðalfundi skal boða til framhaldsaðalfundar.

Framhaldsaðalfundur skal halda innan fjögurra vikna frá aðalfundi og skal boðað til hans með sama hætti og aðalfundar, sbr. §6. Framhaldsaðalfundur er löglegur sé löglega til hans boðað.

§ 10

Aukaaðalfundur skal halda ef stjórn félagsins óskar þess eða ef 20 fullgildir félagsmenn bera fram skriflega ósk um það við stjórnina. Aukaaðalfundur skal boðaður með sama hætti og aðalfundur, sbr. §6. Aukaaðalfundur skal halda eigi síðar en fjórum vikum eftir að ósk um það kemur fram. Til að aukaaðalfundur sé löglegur þurfa a.m.k. 20 fullgildir félagsmenn að mæta.

§ 11

Kosningarétt á aðalfundi hafa allir fullgildir félagsmenn sem eru 18 ára og eldri, þar á meðal þeir sem ganga í félagið og greiða félagsgjald sitt á aðalfundi.

§ 12

Á aðalfundi ræður afl atkvæða úrslitum. Til breytinga á lögum félagsins þarf þó 2/3 hluta atkvæða þeirra félaga sem sækja fundinn.

§ 13

Stjórn félagsins skipa minnst 5 og mest 9 aðalmenn.

§ 14

Framkvæmd kosninga er eftirfarandi:

- Fundarstjóri heldur utanum hverjir eru í framboði.
- Félagsmenn geta komið framboði annars félagsmanns á framfæri á aðalfundi séu þeir með gilt umboð viðkomandi frambjóðanda.
- Kosning skal vera leynileg sé þess óskað.
- Kosið er um alla frambjóðendur. Einn í einu.
- Frambjóðandi telst kosinn í stjórn ef meirihluta atkvæðabærra fundarmanna kjósa viðkomandi.
- Verði fleiri kosnir í stjórn en hámarksfjöldi, sbr. §13, eru þeir sem fengið hafa flest atkvæði kosnir. Eru tveir eða fleiri jafnir er hlutkesti varpað til að skera úr um hver, af þeim sem eru jafnir, hljóta kosningu í stjórn.

Starfsemi stjórnar

§ 15

Stjórnin skal skipta með sér verkum á fyrsta stjórnarfundum eftir stjórnarkjör. Embætti sem stjórnarmeðlimir skulu manna eru formaður, viðburðarstjóri, gjaldkeri, ritari, ritstjóri, æskulýðsfulltrúi og meðstjórnendur.

Kjörtímabil stjórnar er eitt ár.

- Formaður ber ábyrgð á og stýrir starfi stjórnar. Formaður sér einnig um samskipti við aðila utan félagsins og er andlit félagsins útávið.
- Gjaldkeri ber ábyrgð á fjármálum félagsins. Hann skal gæta sjóða félagsins og færa bókhald.
- Ritari ber ábyrgð á að fundir stjórnar séu bókaðir og að félagaskrá og eignaskrá séu uppfærðar.
- Viðburðarstjóri ber ábyrgð á öllum samkomum félagsins öðrum en þorablóti. Hann skal sjá til þess að viðburðir séu mannaðir eins og þörf er á.
- Ritstjóri ber ábyrgð á heimasíðu félagsins.
- Æskulýðsfulltrúi ber ábyrgð á æskulýðsstarfi DIFN.

§ 16

Á stjórnarfundum ræður afl atkvæða. Verði atkvæði jöfn ræður atkvæði formanns úrslitum.

§ 17

Í fjarveru formanns stýrir gjaldkeri starfi stjórnar. Forfallist formaður eða segir af sér tekur gjaldkeri að sér embætti formanns þar til stjórnin hefur skipt með sér verkum að nýju.

Heimild félagsstjórnar

§ 18

Stjórn félagsins hefur heimild til að skuldsetja félagið að hámarki DKK 50.000.

§ 19

Formaður og gjaldkeri félagsins hafa einir prókúru fyrir hönd félagsins og hafa einir umboð til að skrifa undir samninga fyrir hönd félagsins.

§ 20

Stjórn félagsins ber skylda til að reka félagið á þann hátt að eftirkomandi stjórn taki við félaginu skuldlausu.

§ 21

Reikningsár félagsins miðast við aðalfundi. Reikningar félagsins skulu vera endurskoðaðir af tveimur endurskoðendum kjörnum af aðalfundi. Afrit af reikningum félagsins skulu liggja frammi á aðalfundi.

Fastanefndir og undirfélög

§ 22

Í félaginu skal vera starfandi uppstillingarnefnd, skipuð þremur fullgildum félögum DIFN. Uppstillingarnefnd hefur það hlutverk að tryggja að framboð berist til starfhæfrar stjórnar og annara embætta sem kosið er í á aðalfundi.

§ 23

Í félaginu skal vera starfandi þorablótsnefnd. Starfssvið þorablótsnefndar er að annast skipulagningu og framkvæmd þorablóts/árshátíðar félagsins. Stjórn DIFN ber ábyrgð á starfsemi þorablótsnefndar og skipar formann hennar. Félagsmenn geta boðið sig fram í þorablótsnefnd á aðalfundi.

§ 24

Félagsmönnum DIFN er heimilt að starfrækja undirfélög. Undirfélögum er heimilt að sækja um styrk til DIFN. Umsóknin skal vera skrifleg og innihalda greinargerð um starfsemi undirfélags og ráðstöfun styrksins.

§ 25

Fastanefndir og undirfélög DIFN skulu fara að fyrirmælum stjórnar varðandi meðferð fjármuna og bókhaldsreglur.

§ 26

Um stjórn og fastanefndir félagsins gildir að kjörnir og tilnefndir fulltrúar hafa frjálsar hendur með að velja sér aðila til samvinnu.

Aðild að samtökum

§ 27

Félagið getur gerst aðili að öðrum samtökum. Tillaga um aðild skal hljóta sömu málsmeðferð og lagabreytingar. Fulltrúar DIFN í samtökum sem félagið er aðili að skulu kosnir á aðalfundi.

Brottvikning

§ 28

Stjórn getur vikið félagsmönnum úr félaginu, tímabundið. Brottvikninguna skal bera undir næsta aðalfund til samþykktar. Sé brottvikningin samþykkt á aðalfundi er hún varanleg en ógildist annars.

Lagabreytingar

§ 29

Breytingar á lögum félagsins má eingöngu gera á aðalfundi. Tillögur að lagabreytingum skulu gerðar eins og aðrar tillögur sbr. §7. Tillögur að lagabreytingum skulu birtar félagsmönnum á heimasíðu félagsins eigi síðar en fjórum dögum fyrir aðalfund.

Félagið lagt niður

§ 30

Ákvörðun um að leysa upp félagið er aðeins hægt að taka á aðalfundi, þar sem a.m.k. 2/3 atkvæðisbærra félagsmanna eru mættir og þarf til 2/3 atkvæði fundarmanna. Ef aðalfundur, sem sóttur er af færri en 2/3 atkvæðisbærra félagsmanna, samþykkir að leysa upp félagið með 2/3 atkvæða, skal boðað til framhaldsaðalfundar sbr. §9. Þar er hægt að taka þá ákvörðun að leysa upp félagið, ef 2/3 fundarmanna samþykkja það.

§ 31

Ef félagið verður leyst upp skal afhenda ræðismanni Íslands á Norður-Jótlendi allar eigur þess til varðveislu.

Gildistökuákvæði

§ 32

Lög þessi öðlast gildi við samþykkt.